

BÍÓ

299. tbl. desember 2018

MÝNDIR

mánaðarins




AQUAMAN


HE'S NOT FROM AROUND HERE



WRIGLEY'S
Extra[®]

**TYGGÐU EXTRA EFTIR
HVERJA MÁLTÍÐ UM JÓLIN**

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuafnis í tyggigúmmii



Hátíðlegt úrval í Sjónvarpi Símans Premium

Sameinaðu fjölskylduna í sófanum um jólin. Bridget Jones, Forrest Gump, Shrek, Penguins of Madagascar eru á meðal þeirra rúmlega 200 kvikmynda og Disney ævintýra sem standa þér til boða yfir hátíðarnar.

Sjónvarp Símans Premium – Svona á sjónvarp að vera

Útgefið í desember

DVD

6.12.	Kona fer í stríð	Sena	Hasar	9 ára	10
6.12.	Ófærð	Sena	Sakamál	12 ára	14
6.12.	The Happytime Murders	Myndform	Svartur húmor	16 ára	16
6.12.	Mæja býfluga – bíómyndin	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	18
13.12.	Peppermint	Myndform	Spenna/hasar	16 ára	25
13.12.	Álög drekans	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	26
20.12.	A Simple Favor	Myndform	Sakamál/ráðgáta	12 ára	32

VOD

6.12.	Kona fer í stríð	Sena	Hasar	9 ára	10
6.12.	Alpha	Sena	Ævintýri	9 ára	12
6.12.	The Happytime Murders	Myndform	Svartur húmor	16 ára	16
6.12.	Slender Man	Sena	Hrollvekja	16 ára	17
6.12.	Mæja býfluga – bíómyndin	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	18
6.12.	A Christmas Cruise	Sena	Jólamynd	Leyfð	19
6.12.	Coming Home for Christmas	Sena	Jólamynd	Leyfð	19
7.12.	Beatriz at Dinner	Myndform	Sátira/grín	9 ára	20
7.12.	Símon	Myndform	Barnaefni	Leyfð	20
7.12.	Cup of Love	Myndform	Rómantik	Leyfð	21
7.12.	A Time to Dance	Myndform	Rómantik/drama	Leyfð	21
10.12.	Crazy Rich Asians	S & V	Gaman/rómantik	9 ára	22
10.12.	Hin ótrúlegu	S & V	Teiknimynd	Leyfð	23
13.12.	Undir halastjörnu	Sena	Spennumynd	16 ára	24
13.12.	Peppermint	Myndform	Spenna/hasar	16 ára	25
13.12.	Searching	Sena	Spenna/ráðgáta	12 ára	26
13.12.	Álög drekans	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	26
13.12.	A Royal Christmas Ball	Sena	Jólamynd	Leyfð	27
13.12.	Defending Santa	Sena	Jólamynd	Leyfð	27
13.12.	A Husband for Christmas	Sena	Jólamynd	Leyfð	27
14.12.	2 Years of Love	Myndform	Rómantik	6 ára	28
14.12.	Mói	Myndform	Barnaefni	Leyfð	28
14.12.	A Prayer Before Dawn	Myndform	Sannsógulegt	16 ára	29
17.12.	The Meg	S & V	Spenna/hasar	12 ára	30
20.12.	Marine 6: Close Quarters	Sena	Spenna/hasar	16 ára	29
20.12.	A Simple Favor	Myndform	Sakamál/ráðgáta	12 ára	32
21.12.	The Last Battle	Myndform	Luc Besson	16 ára	33
21.12.	The Big Blue	Myndform	Luc Besson	12 ára	33
21.12.	Nikita	Myndform	Luc Besson	12 ára	33
21.12.	Atlantis	Myndform	Luc Besson	Leyfð	33
21.12.	Leon	Myndform	Luc Besson	16 ára	33
21.12.	The Fifth Element	Myndform	Luc Besson	6 ára	33
21.12.	The Messenger	Myndform	Luc Besson	16 ára	33
21.12.	The Heyday of the Inensitive B...	Myndform	Smásögur	12 ára	34
21.12.	Love's Last Resort	Myndform	Rómantik	Leyfð	34
21.12.	It Comes at Night	Myndform	Tryllir	16 ára	35
21.12.	Ronja ræningjadóttir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	35
28.12.	The Trip to Spain	Myndform	Gamanmynd	Leyfð	36
28.12.	Natural Vice	Myndform	Spenna/hasar	16 ára	36
28.12.	The Riot Club	Myndform	Spennudrama	16 ára	37
28.12.	Molang	Myndform	Barnaefni	Leyfð	37

Tölvuleikir

3.12.	Playstation Classic	Sena	Leikjatölva	Leyfð	40
4.12.	Just Cause 4	Sena	Hasarleikur	18+	41



MYNDIR MÁNAÐARINS

299. tbl. desember 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trónuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is


Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök



TVÆR MAGNAÐAR
Í DESEMBER
Á VOD OG DVD



MYNDFORM



ALGJÖRLEGA KEX RUGLAÐ



Stjörnuþá mánaðarins



Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Þú lætur ekki þitt eftir liggja, og manst eftir að ganga frá skærnum og límbandsstatfinu aldrei þessu vant. Þú gefur öllum í fjölskyldunni spíladósir í jólagjöf.



Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Það eru talsvert margar jólakúlur í stjörnukortunum hjá þér þessa dagana sem ætti að gefa þér einhverjar vísbendingar um hvað muni gerast hjá þér á næstunni.



Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Hrútar sem komnir eru með skalla ættu að íhuga að fjárfesta í kollu fyrir jólin. Aðrir hrútar eru áminntir um að bursta í sér tennurnar, helst með meðalmjúkum tannbursta.



Nautið 20. apríl - 20. maí

Ef þú heldur þig á mottunni meiri hluta mánaðarins þá er aldrei að vita nema þú fái tólf-mánaða biókort í jólagjöf. Væri það ekki gaman? Farðu út að hlaupa ef þér leiðist.



Tvívurarnir 21. maí - 21. júní

Það bendir ýmislegt til að þú lendir í talsverðum vatnavöxtum í desember, annað hvort fyrir austan eða þegar þú heimsækir einhvern út á nes. Þú færð steypubil í skóinn.



Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Ungt fólk sem fætt er í krabbamerkinu þarf að spyrja sig margra spurninga upp úr tíunda desember. Íhugaðu að breyta algerlega um stefnu á næstu gatnamótum.



Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Mundu hvað þú gerðir við merki-miðana frá því í fyrra áður en þú kaupir fleiri. Leggðu áherslu á að fá mótorhjól í jólagjöf og þá er aldrei að vita nema einhver gefi þér skíði.



Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Desember er ekki rétti tíminn til að fá í bakið og því skaltu fresta því fram í janúar. Þú lærir að þrjóna og gefur öllum sem þú þekkir græna eða rauðleita lопасokka í jólagjöf.



Vogin 23. sept. - 23. okt.

Leggðu áherslu á að pakka öllum jólagjöfunum þínum inn í hvítan jólapappír með gylltum stjörnum og setja á þá silfraða borða því þá mun allt annað ganga upp hjá þér.



Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þú færð alveg frábæra hugmynd í jólagjafastöðsínu en gleymir henni áður en þú kemur heim. Þú gerir allt sem þú getur til að gleðja aðra, sérstaklega fólk sem býr á Dalvík.



Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.


Stjörnurnar gefa greinilega í skyn að þú þurfir að búa þig undir eitthvað sem annað hvort kemur eða kallar þann átjándna. Ef þú átt bíl þá þarftu að láta tékka á pönnunni.



Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Það gengur allt upp hjá þér í desember nema eitthvert plott varðandi einhvern Hallmund. Hættu bara við það. Mundu að ganga hægt inn um allar dyr. Gleðileg jól.

Minning mánaðarins



Michael og Kirk Douglas.

fram fyrir hendur einstaklinga og setja þeim lög og reglur sem jafnframt svíptu þá frelsi sínu.


Einn af þeim sem lásu bókina og hrifust mjög af henni var Kirk Douglas sem ákvað að kaupa réttinn af Ken til að setja upp leikverk eftir henni með sjálfum sér í hlutverki annarrar aðalpersónunnar, Randles McMurphy, og síðan kvikmynda hana ef honum tækist að fá til þess fjármögnun. Leikverkið fór upp en gerði það ekki gott og Kirk tókst ekki að fá framleiðendur til að fallast á að setja peninga í kvikmyndunina auk þess sem þeir féllust ekki á þær kröfur sem Kirk gerði, t.d. varðandi það að hann myndi sjálfur leika McMurphy. Svo fór að hann neyddist til að leggja áform sín á hilluna, án þess þó að missa trú á að þessi saga yrði að kvikmynd einn góðan veðurdag.

Nokkrum árum síðar var Kirk staddur í Prag og hitti þar ungan tékkneskan kvikmyndagerðarmann að nafni Milos Forman sem þá hafði gert nokkrar afar eftirtektarverðar myndir. Kirk kunni vel að meta handverk hans en ekki síður persónuleika Milosar, áhuga hans, ákefð og

ástríðu. Kirk sagði honum að hann ætti bók heima sem hann vildi fá að senda honum og fá álit hans á hvort hann héldi sig geta gert mynd eftir henni. Bókin kom hins vegar ekki og Milos hélt að Kirk hefði einfaldlega gleymt þessu eða misst áhugann. Svo var þó ekki því það fyrsta sem Kirk gerði þegar hann kom heim var að póstleggja eintak af bókinni til hans. Þegar ekkert svar barst frá Milosi taldi hann að Milos hefði einfaldlega ekki haft áhuga á að skoða málið frekar. Hvorugur áttaði sig á því að bókin hafði verið gerð upptæk í tékkneska tollinum þegar hún barst enda höfðu þeir ekki samband aftur.


Mörg ár liðu og sonur Kirks, Michael Douglas sem þá var að hefja sinn leiklistar- og framleiðsluferil, fékk mikinn áhuga á sögunni. Faðir hans sagði honum þá frá kynnum sínum af Milosi en að hann hefði aldrei svarað bréfinu sem hann sendi með bókinni. Eitthvað hefur Michael fundist grunsamlegt við það og ákvað að hafa samband við Milos og spyrja hann út í þetta. Þá fyrst kom sannleikur málsins í ljós og svo fór að Michael kom bókinni loksins til hans eftir krókaleiðum.

Milos hreifst mjög af bókinni og samþykkti að leikstýra myndinni fyrir lágmarkslaun eins og reyndar allir sem komu að gerð hennar og léku í henni þurftu að gera. Með þá samninga í höndunum tókst Michael að tryggja nægilegt fé til að hefjast handa og í nóvember árið 1975, þrettán árum eftir að



Milos Forman.

Kirk hafði keypt kvikmyndaréttinn var samnefnd mynd með Jack Nicholson í aðalhlutverki frumsýnd. Hún sló algjörlega í gegn á heimsvísu og varð tekjuhæsta mynd ársins 1976 auk þess að hljóta fjölmörg verðlaun, þar á meðal fimm Óskarsverðlaun af níu tilnefningum. Myndin þótti og þykir enn snilldarverk í alla staði og er frábært dæmi um mynd sem þrátt fyrir að vera orðin rúmlega fertug hefur ekki elst neitt að innihaldi og er alltaf jafngöð. Sennilega mun hún enn vera það dæmi eftir önnur 40 ár.



Toppaðu

ísinn með réttu íssósunni

Uppskrift að Mars - íssósu

1. Hitið 1-2 dl rjóma í potti
2. Brytjið 4 Mars stykki út í
3. Hrærið vel og þynnið með rjóma eftir smekk



Hafðu það einfalt og gott...





Þegar ég var að hefja minn feril þá voru langflestir ungu leikararnir sem náðu árangri úr verkamannastétt eins og ég. Í dag koma nánast allir ungir leikarar sem ná árangri úr efri millistéttum. Svona hafa nú tímarnir breyst á 35 árum.
- Julie Walters.




Hetjurnar mínar voru Bruce Lee og Jackie Chan. Þeir þurftu engar tæknibrellur eða klippingar til að sýnast góðir bardagamenn. Þeir voru góðir bardagamenn og ég vildi verða jafngóður og þeir.
- Jason Statham, um innblásturinn.



Ef maður hegðar sér eins og maður viti hvað maður er að gera þá getur maður í raun gert allt.
- Sharon Stone.



Ég lít á mig sem ljóðskáld þótt ég hafi aldrei beint samið ljóð. Allt sem ég geri er hins vegar ljóðrænt, hvort sem það er að leika, elda, hugsa um garðinn, tala við annað fólk ... ég meina, lífið er ljóð.
- Tom Berenger.



Að verða einhver Hollywood-stjarna hefur aldrei verið mitt markmið en einhvern veginn hafa verkefnið sem ég hef tekið að mér leitt til frægðar. Hún var hins vegar aldrei markmið heldur var ég bara að vinna mína vinnu og reyna að gera mitt besta.
- Benedict Cumberbatch.




Ef það er eitthvað sem þú hefur ekki gert en hefur alltaf langað að gera þá skaltu ekki bíða lengur. Farðu og gerðu það sem þú vilt gera.
- Julianne Moore.



Eftir því sem árin líða hef ég minni og minni áhyggjur af framtíðinni. Ég er alveg viss um að hvað sem gerist þá muni ég alltaf koma standandi niður.
- Joel Edgerton, um framtíðarplönin.



Ég held að flestir lendi á krossgötum í lífi sínu oftar en einu sinni. Ég hef að minnsta kosti verið á mörgum.
- Jennifer Lopez.



Ef ég sé skó sem mér finnst flottur og langar að eiga þá kaupir ég þá, jafnvel þótt þeir séu ekki til í minni stærð.
- Keira Knightley, sem safnar skóm.




Fólk vill fá að vita hvort ég hafi hitt Robert (Pattinson). Það er meira en pirrandi. Ég meina ... hvað kemur það vinnu minni við? Hvað kemur það fólk við? Ég vil ekki að mitt einkalíf sé annarra manna áhugamál.
- Kristen Stewart, um viðtöl.




Einu skiptin sem ég hljóma eins og ég sé gáfaður er þegar einhver annar hefur skrifað það sem ég segi.
- Christian Bale.



Það jafnast ekkert á við þá tilfinningu að fylgjast með 500 manns horfa á 100 mínútum á verk sem tók mann þrjú ár að vinna og uppgötva hvernig manni hefur tekist til.
- Michael Mann.



Ég var einu sinni í sama herbergi og Paul McCartney og hugsaði með mér að ef ég labbaði að honum og sparkaði í klofið á honum þá yrði ég heimsfrægur á svipstundu.
- Seth Rogen, um skritinn þankgang.



Það er enginn vandi að vera laus við slúðurdálkana. Maður lifir bara eðlilegu lífi, sleppir því að vera með þeim sem eru í sviðsljósinu, fer ekki á umdeilda staði, gerir ekki neitt af sér, hittir vinina og mætir í vinnuna.
- Amanda Seyfried.



Það gaf mér mikið að ég eyddi öllum sumrum á Írlandi þegar ég var að alast upp og vetrinum í Bandaríkjunum. Þetta voru algjörar andstæður, annars vegar borgarlíf og steypa og hins vegar náttúran í öllu sínu veldi með fjöllum, vötnum, dýralífi og grasi. Ég gat varla beðið veturinn af mér til að komast aftur til Ardmore á sumrin. Fólk þar sagði mig hins vegar heppna að búa í Bandaríkjunum.
- Olivia Wilde.



Ég meina, þeir standa fyrir utan húsið hjá manni allan tímann og elta mann hvert sem maður fer. Mér er alveg sama hvað sagt er, þetta er ekki í lagi.
- Chris Hemsworth, um ljósmyndara.




Alltaf þegar ég leik í mynd þá held ég að hún eigi eftir að slá í gegn.
- Billy Crudup.

Ást við fyrstu sýn

Egils



Egils Malt og Appelsín



Kona fer í stríð

Hasar



Aðalhlutverk: Halldóra Geirharðsdóttir, Davíð Þór Jónsson, Magnús Tryggvason Eliassen, Ómar Guðjónsson og Jóhann Sigurðsson
Handrit: Benedikt Erlingsson og Ólafur Egilsson **Leikstjórn:** Benedikt Erlingsson **Útgefandi:** Sena

6. desember



Veistu svarið?

Eins og alþjóð veit á Benedikt Erlingsson, leikstjóri *Kona fer í stríð*, einnig langan leiklistarferil að baki á sviði og í ýmsum myndum auk þess að gera það gott í grínþáttunum *Fóstbræður*. En hver var fyrsta bíómyndin sem hann lék í og var frumsýnd 1995?



Tór úr steini!

Stríð eru af öllum gerðum

Halla (Halldóra Geirharðsdóttir) er kórstjóri á fimmtugsaldri sem ákveður að lýsa yfir sínu eigin stríði gegn allri mengandi stóriðju í landinu. Hún gerist skemmdarverkamaður og er tilbúin að fórna öllu fyrir móður jörð og hálendi Íslands, allt þar til munaðarlaus stúlka frá Úkraínu stígur inn í líf hennar. Að bjarga einu barni er að bjarga heiminum. En er það nóg?

Kona fer í stríð er önnur bíómynd Benedikts Erlingssonar sem leikstjóra en sú fyrri var myndin *Hross í oss* sem sló í gegn haustið 2013, hlaut síðan sex Edduverðlaun af fjórtán tilnefningum, þ. á m. sem besta mynd ársins, auk toppdóma gagnrýnenda og óteljandi verðlauna á alþjóðlegum hátíðum. *Kona fer í stríð* kemur út á DVD og á VOD-leigunum 6. desember og það er full ástæða til að hvetja unndur íslenskrar kvikmyndagerðar að missa ekki af henni ...



Halldóra Geirharðsdóttir leikur kórstjórn Höllu sem ákveður að segja stóriðjunni stríð á hendur fyrir hönd náttúrunnar og leggja allt sitt í baráttuna, íslenskum yfirvöldum til lítillar skemmtunar.

Punktar

★★★★★ - *Variety* ★★★★★1/2 - *The Globe and Mail*
 ★★★★★ - *Hollywood Reporter* ★★★★★ - *Screen Intern.*

• *Kona fer í stríð* hefur gert það gott á erlendum kvikmyndahátíðum á árinu og hlotið fjölda verðlauna, nú síðast LUX-verðlaunin (kvikmyndaverðlaun Evrópuþingsins) þann 14. nóvember, en þau eru veitt myndum sem skarað hafa fram úr og tengjast mikilvægum umræðum um málefni líðandi stundar, eins og t.d. náttúruvernd.

• Myndin hlaut enn fremur kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs í byrjun nóvember en í rökstuðningi verðlaunanefndarinnar sagði m.a. að *Kona fer í stríð* sé „frábær kvikmynd og leiftrandi skemmtileg í meðferð sinni á háþólitísku viðfangsefni, svo og á einkalífi 48 ára gamallar konu sem er hin óvænta hasarhetja myndarinnar.“

• *Kona fer í stríð* er framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna 2019.



Í miðri baráttunni fyrir náttúruna gengur ættleiðing Höllu á ungru stúlku frá Úkraínu í gegn og á koma hennar eftir að hafa mikil áhrif á allar þær ákvarðanir sem Halla þarf að taka um framtíðina.



ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®

Upphaf vináttunnar

Alpha gerist fyrir 20 þúsund árum, einhvers staðar á meginlandi Evrópu, og segir frá ungum dreng, Keda, sem í miðri veiðiferð með föður sínum verður viðskila við hann og aðra veiðifélaga þeirra. Keda neyðist því til að sjá um sig sjálfur í fyrsta sinn á ævinni og finna leiðina heim áður en veturinn skellur á.

Nokkrum dögum eftir viðskilnaðinn gengur Keda fram á særðan úlf sem undir venjulegum kringumstæðum væri einn af hans verstu óvinum en getur nú litla sem enga björg sér veitt. Keda ákveður að taka úlfinn með sér í hellinn sem hann hefur fundið og gerir í framhaldinu sitt besta til að bæði fæða hann og hjúkra honum.

Smám saman fer úlfurinn að treysta bjargvætti sínum betur og betur uns á milli þeirra myndast traust vinátta. Hún á í raun eftir að breyta mannkyninu til allrar framtíðar því þetta er í fyrsta sinn sem maður og úlfur mynda á milli sín slíka vináttu, en úlfar eru eins og flestir vita forfeður allra hunda og hundakynja á jörðinni.



Keda ásamt foreldrum sínum, Tau og Shaman, en þau eru leikin af Jóhannesi Hauki Jóhannessyni og Leonor Varela.



Alpha

Ævintýri



Aðalhlutverk: Kodi Smit-McPhee, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Natassia Malthe, Leonor Varela, Jens Hultén, Mercedes de la Zerda, Priya Rajaratnam og Spencer Bogaert **Leikstjórn:** Albert Hughes **Útgefandi:** Sena

6. desember



Eftir að Keda bjargar úlfnum frá bráðum bana og hjúkra honum myndast á milli þeirra órjúfanlegt og traust samband.

Veistu svarið?

Aðalleikari myndarinnar, Kodi Smit-McPhee, vakti fyrst alþjóðlega athygli þegar hann lék son Viggos Mortensen í myndinni *The Road* árið 2009. Í dag þekkja sennilega flestir hann sem X-manninn Kurt Wagner, sem er þó öllu þekktari sem ...?



Nightcrawler

Punktar

★★★★ - *Observer* ★★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *R. Stone* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★ - *The Guardian*

• *Alpha* er fimmta myndin sem Albert Hughes leikstýrir en sú fyrsta sem hann leikstýrir einn síns liðs því hinum fjórum leikstýrði hann ásamt bróður sínum Allen. Þær eru *Menace II Society*, *Dead Presidents*, *From Hell* og *The Book of Eli* – og eru þá ótaldar heimildar- og stuttmyndir sem bræðurnir hafa einnig sent frá sér í gegnum árin.

• Myndin er að mestu tekin upp í Kanada en hluti af landslagsmyndunum sem notaðar eru sem baksvið eru frá Íslandi.



Hinn ungi Keda er leikinn af Kodi Smit-McPhee.

Höfum gaman um

hátiðarnar með Pringles



Áður en leiðirnar opnast



Ófærð er margverðlaunuð spennuþáttaröð, sem hefur notið fádæma vinsælda alls staðar þar sem hún hefur verið sýnd. Gagnrýnendur í Bretlandi, Frakklandi, Ástralíu, Japan og víðar hafa keppst um að hlaða hana lofi og er sérstaklega til þess tekið hve hin vetrarlega íslenska umgjörð sé heillandi, sagan spennandi og skemmtileg og hvað þættirnir séu vel leiknir.

Um það leyti sem Norræna leggst að bryggju um hávetur, rekur sundurskorið lík að landi. Á sama tíma skellur á óveður og allar leiðir úr og í bæinn lokast vegna fannfergis. Andri (Ólafur Darri Ólafsson) og félagar hans í lögreglunni keppast við að reyna að leysa málið áður en veðrinu slotar og vegir opnast að nýju, því þeir vita sem er að þangað til kemst enginn burt, ekki einu sinni morðinginn ...

Punktur

- Þessi veglegi DVD-pakki sem kemur út 6. desember inniheldur að auki kynningarþátt um þáttaröðina (Bakvið tjöldin) og stiklu.
- Skjátextar sem fylgja eru á ensku, pólsku og íslensku.
- Fyrir utan að hljóta afbragsdóma gagnrýnenda hefur *Ófærð* verið margverðlaunuð og hlaut m.a. PRÍX Europa-verðlaunin sem besta sjónvarpsþáttaröð ársins í Evrópu 2016.
- Leikstjórar *Ófærðar* voru fjórir, Baltasar Kormákur, Óskar J. Axelsson, Baldvin Zophoníasson og Börkur Sigbórsson.
- Þess má geta að nú er verið að leggja loka hönd á aðra þáttaröðina, *Ófærð 2*, en sýningar á henni hefjast á RÚV 26. desember nk.



Aðalhl.: Ólafur Darri Ólafsson, Ilmur Kristjánsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson **Leikstjórn:** Sjá punkta **Útgef.:** Sena

Sakamál

6. desember



Dwayne Johnson var staddur í London 24. nóvember þar sem verið var að taka upp atriði í myndina *Hobbs and Shaw* en hún er svokallað „spin-off“ frá *Fast & Furious*-myndunum.



Það er hefð fyrir því að elda mat á götum úti um þakkargjörðarhátíðina í Bandaríkjunum og gefa þeim heimilislausu að borða. Kevin Hart lét sitt ekki eftir liggja í Los Angeles 21. nóvember



Natalie Portman skartaði þessum glæsilega kjól þar sem hún sótti viðhafnarkvöldverð í boði bandarísku kvikmyndastofnunarinnar 5. nóvember ásamt fjölmörgum kollegum.

MAARUD


GERIR GOTT ENN BETRA

Náttúruleg hráefni



Með sólblómaolíu

Gleðilega hátíð



The Happytime Murders

Grín / Svartur húmor



Aðalhlutverk: Melissa McCarthy, Elizabeth Banks, Bill Barretta, Maya Rudolph, Leslie David Baker, Joel McHale, Michael McDonald og Jimmy O. Yang **Leikstjórn:** Brian Henson **Útgefandi:** Myndform

6. desember



Melissa McCarthy er að venju í essinu sínu í myndinni en hún og eiginmaður hennar, Ben Falcone, eru einnig framleiðendur hennar.

Veistu svarið?

Grínleikkonan Maya Rudolph leikur stór hlutverk í *The Happytime Murders* og er þetta í þriðja sinn sem hún og Melissa McCarthy leika í sömu myndinni því Maya lék einnig í síðustu mynd Mellissu, *Life of the Party*, og svo í myndinni ...?



Bridesmaids

Þetta er ekkert grín

Þegar einhver tekur upp á því að myrða starfsfólk brúðmyndaþáttanna *The Happytime Gang* eitt af öðru fær lögreglukonan Connie Edwards málið til rannsóknar ásamt fyrrverandi lögreglufélaga sínum, Philip Phillips, en eitt fyrsta fórnarlamb brúðufjöldamorðingjans var einmitt bróðir hans.

The Happytime Murders gerist í veröld þar sem brúður eins og þær sem við þekkjum sem prúðuleikarana, en urðu fyrst vinsælar í barnaþáttum eins og *Sesame Street*, eru í raun lifandi borgarar sem njóta þó ekki sömu réttinda og þeir sem eru af holdi og blóði.

Þau Connie og Philip taka þegar til við rannsókn málsins og eru áður en langt liður komin með margar vísbendingar sem undir venjulegum kringumstæðum ættu að beina þeim á rétta slóð. Vandamálið er hins vegar að sú slóð liggur beint til Phillips sjálfs ...



Melissa McCarthy leikur lögreglukonuna Connie Edwards sem fær fyrrverandi lögreglubróðurina og nú einkaspæjarann Philip Phillips í lið með sér þegar einhver byrjar að myrða brúður eins og hann í massavís.

Punktar

★★★★ - *IGN* ★★★1/2 - *Hollywood Reporter* ★★★ - *CineVue* ★★★ - *Boston Globe* ★★★ - *ReelViews* ★★★ - *Entert. Weekly*

- Leikstjóri myndarinnar er Brian Henson en hann er einn af fimm börnum Jims Henson sem skapaði prúðuleikarana, fyrst fyrir barnaþættina *Sesame Street* og síðan í sjálfstæðum þáttum, *The Muppet Show*, sem urðu feikivinsælir um allan heim og eru enn. Þess má geta að Brian stjórnar einnig og talar fyrir krabbann í myndinni.

- Sá sem talar fyrir og stjórnar Philip Phillips er Bill Barretta en hann hefur verið fastaleikari í prúðuleikurunum í áratugi og talar m.a. fyrir sænska kokkinn, Rowl, dr. Teeth, Bobo og risarækjuna Pepe.



Elizabeth Banks leikur Jenny, einu mannlegu persónuna í *The Happytime-genginu* sem einhver hefur ákveðið að senda yfir móðuna miklu.

Hver ræður gátuna?


Slender Man er hávaxin, grönn, andlitslaus og handleggjalöng vera sem sögð er bera ábyrgð á hvarfi fjölda barna og unglinga. En hvað gengur henni til, hvaðan kemur hún, hvernig nær hún valdi á fórnarlömbum sínum og hvað gerir hún svo við þau?

Hrollvekja *Slender Man* kemur út á VOD-leigunum 6. desember en hún er byggð á sögunum um samnefnda persónu sem fóru á kreik fyrir rúmlega níu árum. Höfundurinn heitir Eric Knudsen, stundum nefndur Victor Surge, og hefur Slender Man síðan komið víða við, bæði í sögum, teikningum, tölvuleikjum og myndböndum. Margir hafa reynt að útskýra tilveru hans og hvað það er sem gerir honum kleift að birtast svo víða sem raun ber vitni. Engum hefur tekist það.

Hvort gátan sé ráðin í þessari mynd eða ekki er bara fyrir áhorfendur að uppgötva en eitt er þó alveg ljóst: Hvar sem Slender Man birtist og sama í hvaða formi hann er þá hverfa börn og unglingar ...

Punktur

• Þeim sem vilja kynna sér Slender Man betur er bent á netið en þar má finna nánast allt um hann fyrir utan upplýsingar um hvernig hægt er að stöðva hann. Þess utan getur hver sem er lagt honum til bæði hæfileika, útlitsbreytingar og tilgang. Sumir vilja hafa hann í jakkafötum á meðan aðrir vilja hafa hann beran og gráan. Og svo eru það þessir löngu armar ... hvað getur hann gert með þeim?




Slender Man

Hrollvekja




Aðalhlutverk: Joey King, Javier Botet, Annalise Basso, Julia Goldani Telles, Jaz Sinclair, Kevin Chapman, Michael Reilly Burke, Taylor Richardson, Kallie Tabor og Jessica Blank **Leikstjórn:** Sylvain White **Útgefandi:** Sena

6. desember



Á þeim níu árum sem Slender Man hefur verið á kreiki hefur hann birst í ýmsum myndum, eins og t.d. þessari. Ath.: Þetta er ekki stilla úr myndinni.





Mæja býfluga

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Erlen Isabella Einarsdóttir, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Íris Tanja Flygenring, Bryndís Ásmundsdóttir, Stefanía Svavarsdóttir, Viktor Már Bjarnason, Steinn Ármann Magnússon, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Þórhallur Sigurðsson, Hjálmar Hjálmarsson, Grétar Orri Tómasson og Þorsteinn Ari Þorsteinsson **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason **Útgefandi:** Myndform

6. desember

Hver einasta býfluga telur

Allir krakkar þekkja hinar ljúfu og vel gerðu teiknimyndir um Mæju býflugu og ævintýrin sem hún lendir í á hverjum degi ásamt félögum sínum, enda hafa þær verið sýndar í sjónvarpi. Þessi mynd er fyrsta myndin um Mæju og félagi í fullri lengd.

Mæja er einstaklega kát og skemmtileg býfluga sem nýtur lífsins út í ystu æsar. Það eina sem hún er ekki sátt við er að þurfa að strita allan daginn við býflugnabúið í stað þess að leika sér. Ekki það að Mæja vilji ekki leggja sitt af mörkum, en hún vill líka fá frí til að skoða heiminn utan við búið. Í þessari mynd fáum við því að sjá hvernig það vildi til að Mæja flutti úr býflugnabúinu og kynntist heiminum fyrir utan og öllum félögum sínum í fyrsta sinn ...





Siglt inn í jólin

Þegar vinkona Pam Stevenson býður henni í jólasiglingu með skemmtiferðaskipi ákveður hún að nota fríið til að fá hugmyndir að sinni næstu bók. Hana grunar ekki að þessi saga eigi eftir að skrifa sig sjálf!

A Christmas Cruise er eftir leikstjórnann David DeCoteau sem gerði einnig myndina *A Husband For Christmas* (sjá bls. 27) en hún skartar einnig Vivicu A. Fox í aðalhlutverkinu og eru handritshöfundar einnig þeir sömu.

Hér leikur Vivica rithöfundinn Pam Stevenson sem hefur átt í vandræðum með að fá hugmynd að sinni næstu bók og sér því gott tækifæri í því þegar vinkona hennar Becky býður henni með sér í siglingu yfir jólahátíðina. Staðráðin í að einbeita sér að sögusköpuninni lendir Pam þó fljótlega í vanda þegar skipstjórinn heillar hana upp úr skónum og úr verður óvænt ástarævintýri ...



Vivica A. Fox leikur Pam Stevenson í júlamyndinni *A Christmas Cruise*.

VOD L 87 min

Jól / Rómantík

6. desember

Aðalhlutverk: Vivica A. Fox, Kristoff St. John, Jessica Morris, Rib Hillis og Jason Cook Leikstjórn David DeCoteau Útgefandi: Sena



Síðasta jólaveislan

Lizzie Richfield lendir á milli steins og sleggju þegar henni er falin umsjón með Ashford-setrinu sem sett hefur verið í sölu, þvert á vilja ættmóðurinnar Pippi. Til að létta lund allra ákveður Lizzie að skipuleggja jólaveislu fyrir fjölskylduna.

Coming Home for Christmas er létt og rómantísk jólamynd frá Hallmark sem ætti að geta kveikt undir jólastemningunni hjá mörgum.

Það sem Lizzie veit ekki þegar hún tekur að sér umsjón hins verðmæta Ashford-seturs er að þeir sem tilheyra fjölskyldunni eru eins ólíkir og hugsast getur. Fyrir utan móðurina Pippi þarf Lizzie að eiga við syni hennar tvo, annars vegar glaumgosann Kip og hins vegar viðskiptamanninn Robert sem svo skemmtilega vill til að eru báðir á lausu. Málin vandast svo enn frekar þegar bæði Kip og Robert fara að gera hosur sínar grænar fyrir Lizzie ...



Neal Bledsoe og Danica McKellar í hlutverkum sínum í *Coming Home for Christmas*.

VOD L 90 min

Jól / Rómantík

6. desember

Aðalhlutverk: Danica McKellar, Neal Bledsoe, Andrew Francis, Lindsay Maxwell og Paula Shaw Leikstjórn Mel Damski Útgefandi: Sena



Michael B. Jordan hefur enn á ný slegið í gegn, nú í framhaldsmyndinni *Creed II* sem gefur fyrirrennarann ekkert eftir í gæðum. Hér er kappinn umvafinn aðdáendum og gefur sjálfur á báða bóga í Los Angeles 20. nóvember.



Stjarna Ramys Malek hefur risið hátt með myndinni *Bohemian Rhapsody* þar sem hann leikur Freddie Mercury. Sjálfur er Ramy sallarólegur yfir öllu saman og skelli sér á leik Portland Trail Blazers og New York Knicks 20. nóvember.



Þarna stilla leikstjórnarnir Martin Scorsese og Spike Lee sér upp fyrir ljósmyndarann á sérstakri hátíðar- og fjárflofnarsamkomu sem haldin var til heiðurs þeim fyrrnefnda í Nútímalistasafninu í New York 19. nóvember.



Aðalhl.: Salma Hayek, John Lithgow, Connie Britton og Chloë Sevigny **Leikstj.:** Miguel Arteta **Útgef.:** Myndform

Grín / Satíra

7. desember

Stál í stál

Beatriz er bandarískur innflytjandi frá Mexíkó sem vinnur við nudd og heilun. Kvöld eitt, eftir að bíllinn hennar bilar, er henni boðið í kvöldverð hjá einum af kúnum sínum þar sem einn af gestunum er fjármála- og viðskiptamógull að nafni Doug, en hann ber einmitt ábyrgð á því að fólk í fyrverandi heimabæ Beatrizar hefur þurft að þjást. Og neistar byrja að fljúga!

Þau Beatriz og Doug gætu ekki verið ólíkari að upplagi og með ólíkari skoðanir á hlutunum. Á meðan Beatriz vill umfram allt reyna að gera veröldina að betri stað fyrir komandi kynslóðir er Doug alveg nákvæmlega sama um allt og alla, svo framarlega sem hann græðir sjálfur og getur gert það sem hann vill. Kvöldverðurinn snýst því upp í ansi skrautleg skoðanaskipti þar sem bitið er á báða bóga ...

Punktur


★★★★★ - L.A. Times ★★★★★ - Time Out ★★★★★ - Screen International
★★★★1/2 - RogerEbert.com ★★★★★1/2 - Rolling Stone ★★★★★1/2 - E. Weekly

- *Beatriz at Dinner* var valin ein af tíu bestu óháðu kvikmyndum ársins 2017 af samtökum bandarískra gagnrýnenda og var handrit hennar, sem er eftir Mike White (*Orange County*, *The Good Girl*, *School of Rock*, *Brad's Status*), tilnefnt til óháðu Spiritverðlaunanna sem besta handrit ársins svo og Salma Hayek fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna.



Salma Hayek leikur nuddarann Beatriz sem lætur ekki bjóða sér hvað sem er.

- Leikstjóri myndarinnar, Miguel Asteta, á margar góðar myndir að baki, þ. á m. *The Good Girl* sem Mike White skrifaði handritið að.



Teiknimyndir um Símon kanínustrák og uppátæki hans á hverjum degi **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni


7. desember

Símon

Sjö þættir um fjallhressa kanínustrákinn Símon

Teiknimyndabættirnir um Símon eru byggðir á metsölubókum Stephanie Blake sem hafa verið þýddar á yfir 20 tungumál og hafa þessir þættir notið mikilla vinsælda á sjónvarpsstöðvum víða um heim, þ. á m. á RÚV.

Símon er eldhress kanínustrákur sem lætur sér fátt óviðkomandi og er óhræddur við að prófa og læra eitthvað nýtt. Um leið á hann það til að gera mistök en þótt hann sé svona lítill er hann með stórt hjarta og er ávallt fljótur að sjá muninn á röngu og réttu.





Besta (kaffi)bragðið

Zoe er matvælafræðingur sem vinnur hjá stóru bandarísku kaffifyrirtæki. Dag einn biður forstjóri þess hana að fara til Kólumbíu og finna kaffi sem markaðssetja má á háu verði sem hið eina sanna eðalkaffi. Það sem Zoe finnur í ferðinni reynist hins vegar innihalda miklu meira en bara kaffi.

Cup of Love er lauflétt rómantísk kómedía frá Hallmark og er eftir David Jackson sem hefur sérhæft sig í slíkum myndum. Segja má að það gangi á ýmsu í leit Zoe að hinum einu sönnu eðalkaffibaunum sem leiðir hana þó að lokum til þorsins Salento þar sem hún smakkar loksins alveg guðdómlega gott kaffi á litlum kaffibar. Hún ákveður að hafa uppi á ræktandanum, bóndanum Diego, sem tekur í fyrstu fálega í þá umleitan að selja fyrirtæki hennar kaffibaunir enda fer fátt meira í taugarnar á honum en sálarlaus stórfyrirtæki. En Zoe gefst ekki upp ...




Nikolás Rincón og Anna Hutchison leika þau Diego og Zoe í *Cup of Love*.

VOD L 90 min

Aðalhlutverk: Anna Hutchison, Nikolás Rincón og Taliana Vargas **Leikstjórn:** David Jackson **Útg.:** Myndform

Rómantísk kómedía

7. desember



Uns dauðinn oss aðskilur

Eftir þrjátíu ára hjónaband eru komnir brestir í samband þeirra Johns og Abbyar sem leiða til þess að þau ákveða að skilja. En áður en þau ná að segja dóttur sinni fréttirnar tilkynnir hún þeim að hún sé að fara að gifta sig og gefur um leið foreldrum sínum tækifæri til að endurskoða hug sinn.

Þótt hjónabandseiðurinn gangi að stórum hluta út á loforð einstaklinganna sem í hlut eiga að standa hvort með öðru í gegnum súrt og sætt og elska hvort annað út lífið enda mörg hjónabönd með skilnaði. Þessi ljúfsára mynd frá Hallmark segir frá bæði upphafi og (hugsanlegum) endi hjónabands og er byggð á metsölubók rithöfundarins Karenar Kingsbury sem hefur skrifað fjölmargar bækur um hversdagslegt líf fólks af miklu og raunsönnu innsæi. Þetta er vel leikin og vel gerð mynd fyrir fólk sem kann að meta slíkar sögur og sér kannski sjálf sig í þeim ...



Dan Payne, Jennie Garth og Corbin Bernsen í hlutverkum sínum í *A Time to Dance*.

VOD L 85 min

Aðalhlutv.: Jennie Garth, Dan Payne, Corbin Bernsen og Fiona Vroom **Leikstjórn:** Mike Rohl **Útg.:** Myndform

Drama / Rómantík

7. desember



Crazy Rich Asians

Gamanmynd / Rómantík



Aðalhlutverk: Constance Wu, Henry Golding, Michelle Yeoh, Gemma Chan, Awkwafina, Ken Jeong, Jimmy O. Yang og Chris Pang
Leikstjórn: Jon M. Chu **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

10. desember



Eftir rúmlega eins árs kynni vill Nick að Rachel komi með sér til Singapur að hitta fjölskyldu sína, en það jafngildir nánast bónorði.

Veistu svarið?

Þau Constance Wu og Henry Golding þykja frábær í aðalhlutverkum þessarar myndar sem parið Rachel og Nick, en svo skemmtilega vill til að Henry leikur einnig eitt af aðalhlutverkunum í annari vinsælli mynd sem kemur út í desember. Hvaða mynd?



Simple Focus

Ástin er eitt – fjölskyldan er allt annað!

Þau Rachel, sem er hagfræðiprófessor í New York, og Nick, sem stundar viðskipti í borginni, hafa verið saman í rúmlega ár og eru ástfangnari en nokkurn tíma fyrr. Nick ákveður því að bjóða Rachel til Singapur að hitta fjölskyldu sína, en sú fjölskylda á sannarlega eftir að koma henni á óvart.

Crazy Rich Asians er byggð á samnefndri metsölu-bók Kevins Kwan sem kom út árið 2013 og þykir allt í senn, fyndin, rómantísk og flugbeitt ádeila á lífsstíl þeirra sem vita ekki aura sinna tal og telja sér alla vegi færa á peningunum einum saman.

Það sem Rachel veit ekki um Nick er að hann er kominn af flugríku fólki og hefur um árabíl verið eftirsóttasti piparsveinn landsins. Þegar við bætist að móðir hans er síður en svo sátt við val hans á kvonfangi og ákveður strax að reyna allt til að hrekja Rachel á brott þarf Rachel að ákveða hvort hún eigi að hrökkva eða stökkva ...



Rachel Wu, sem hin stórskemmtilega Constance Wu leikur, er lítt undir það búin að hitta fjölskyldu unnusta síns, síst af öllu móður hans sem á eftir að láta reyna á hana. En Rachel er ekkert blávatn.

Punktur

★★★★★ - *Time Out* ★★★★★1/2 - *Slate* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com*
 ★★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Guardian*
 ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *The Observer*
 ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Time* ★★★★★ - *Film Threat*
 ★★★★★ - *The Wrap* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★ - *Hollyw. Reporter*

• *Crazy Rich Asians* hefur eins og sést hlotið toppdóma gagnrýnenda og er af mögum talin besta rómantíska kómedía ársins enda sló hún hressilega í gegn í kvikmyndahúsum beggja vegna Atlantshafsins.



Við fyrstu kynni virðist fara vel á með móður Nicks, Eleanor, og Rachel en fljótlega kemur í ljós að Eleanor ætlar sér að hrekja hana á brott.

Brettið upp ermarnar!

Hin ótrúlega Parr-fjölskylda mætir til leiks á VOD-leigunum 10. desember, rúmum þrettán árum eftir að fyrri myndin um þau var frumsýnd, en hún er af mörgum talin ein besta Pixar-myndin til þessa. Þessi nýja mynd gefur henni ekkert eftir enda eru aðstandendur hennar þeir sömu, þ. á m. leikstjórinn Brad Bird og leikararnir sem ljá persónunum raddir sínar.

Þótt þrettán ár séu liðin frá því við hittum Parr-fjölskylduna hefur tíminn í sögunni um þau lítið liðið því myndin byrjar skömmu eftir að þeirri fyrri lauk. Eftir að hafa bjargað heiminum frá glötun færast nú ró yfir fjölskyldulífið, allt þar til Helenu er boðið nýtt og mikilvægt starf sem hún getur ekki hafnað. Vandamálið er að þá verður Bob auðvitað að sjá um heimilishaldið en það er langt í frá létt verk því það inniheldur að hafa hemil á krökkunum þremur, þeim Violet, Dash og hvítvoðungnum Jack-Jack sem er stórhættulegur sem fyrr því hann hefur lítið vald yfir ofurkröftum sínum og má alls ekki borða kökur. En að sjálf-sögðu gerast síðan atburðir sem kalla á að Parr-fjölskyldan bretti enn á ný upp ermarnar og bjargi mannkyninu frá tortímingu ...



Hin ótrúlegu 2

Teiknimynd

VOD L 118 mín

Myndin er að sjálf-sögðu vandlega talsett á íslensku en þau sem tala fyrir helstu persónurnar í ensku útgáfunni eru Craig T. Nelson, Holly Hunter, Sophia Bush, Samuel L. Jackson, Catherine Keener, Jonathan Banks, Brad Bird, Bob Odenkirk, Isabella Rossellini og John Ratzenberger **Leikstjórn:** Brad Bird **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

10. desember





Undir halastjörnu

Spenna / Sakamál



Aðalhlutverk: Tómas Lemarquis, Atli Rafn Sigurðarson, Kaspar Velberg, Paaru Oja, Ingvar E. Sigurðsson og Zlatko Buric
Leikstjórn: Ari Alexander Ergis Magnússon **Útgefandi:** Sena

13. desember



Saga um glæp

Kvikmyndin *Undir halastjörnu* sækir innblásturinn í líkfundarmálið svokallaða sem vakti gríðarlega athygli árið 2004, en það hófst þann 4. febrúar sama ár þegar kafari sem var að kanna skemmdir á bryggjumannvirkjum á Neskaupstað fann sundurskorið lík af karlmanni sem hafði verið kastað í sjóinn. Um leið hófst ein umfangsmesta lögreglurannsókn ársins sem leiddi um síðir í ljós að sannleikur málsins var lyginni líkastur.

Undir halastjörnu er fyrsta bíómyndin sem Ari Alexander Ergis Magnússon gerir en hann á m.a. að baki heimildarmyndirnar *Syndir feðranna* og *Gargandi snilld*. Hér er um vel gerða hörkumynd að ræða sem vonandi ekkert íslenskt kvikmyndaáhugafólk lætur fram hjá sér fara, en hún kemur á VOD-leigurnar 13. desember.


Undir halastjörnu, sem ber alþjóðlega titilinn *Mihkel*, er framleidd af Friðriki Þór Friðrikssyni, Kristni Þórðarsyni, Leifi B. Dagfinnssyni og leikstjóranum Ara Alexander sem jafnframt skrifaði handritið.



Tómas Lemarquis og Atli Rafn Sigurðarson í hlutverkum sínum sem Bóbbó og Jóhann í spennu- og sakamálamyndinni *Undir halastjörnu*.



Á efri myndinni er Kaspar Velberg í hlutverki sínu sem Igor en á meðal annarra leikara er Ingvar E. Sigurðsson sem leikur Skúla.



Peppermint

Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Jennifer Garner, John Gallagher Jr., Tyson Ritter, Juan Pablo Raba, Method Man, Richard Cabral, Annie Ilonzeh og Michael Mosley **Leikstjórn:** Pierre Morel **Útgefandi:** Myndform

13. desember



Veistu svarið?

Jennifer Garner hóf leikferil sinn árið 1995 og sló svo í gegn í sjónvarpsþáttunum *Alias* sem hófu göngu sína 1998. Síðan þá hefur hún leikið í mörgum góðum myndum, þ. á m. einni þar sem mótleikari hennar var Leonardo DiCaprio. Hvaða mynd var það?



Catch Me If You Can

Hefnd er eina réttlætið

Hvað tekur maður til bragðs þegar réttarkerfið bregst algerlega og leyfir miskunnarlausum morðingjum að sleppa við að taka afleiðingum gjörða sinna? Það þarf Riley North að ákveða.

Spennu- og hasarmyndin *Peppermint* segir frá Riley North sem upplifir veröld sína hrynja til grunna þegar eiginmaður hennar og ung dóttir þeirra eru myrt af byssumönnum voldugs glæpa- og eiturlyfjakóns sem einnig hefur marga lögreglumenn í vasanum. Eins og það hafi ekki verið nógu slæmt þá verður það verra þegar morðingjarnir eru látnir lausir af gerspilltum dómara sem þykist ekki geta réttað yfir þeim vegna „skorts á sönnunargögnum“.

Við það getur Riley North ekki sætt sig og ákveður því að breyta sér úr ósköp venjulegri millistéttarkonu í eins manns bardagasveit sem er staðráðin í að ganga á milli bols og höfuðs á hinum seku ...



Jennifer Garner leikur Riley North sem er staðráðin í að láta þá sem myrtu eiginmann hennar og dóttur gjalda fyrir misgjörðir sínar, svo og þá spilltu lögreglumenn sem hylmdu yfir með þeim seku og ekki síst dómaramann sem sleppti þeim lausum þrátt fyrir augljósa sekt.


Punktur

- Leikstjóri myndarinnar er Pierre Morel sem á m.a. að baki hinar þrælgóðu myndir *Banlieue 13 (District 13)* og fyrstu *Taken*-myndina, en þessar tvær myndir eru tvímælalaust í hópi betri spennu- og hasarmynda sem gerðar hafa verið á þessari öld.

- Handritið að *Peppermint* er eftir Chad St. John sem skrifaði m.a. handritin að *London Has Fallen* og hinni væntanlegu vísindaskáld-sögu *Replicas* sem skartar Keanu Reeves í aðalhlutverki.



Riley North mun ekki sýna andstæðingum sínum neina miskunn.



Hvað kom fyrir Margot?

Þegar David Kim vaknar einn morguninn sér hann að 16 ára dóttir hans Margot hefur þrisvar reynt að hringja í hann um nóttina. Þegar hún skilar sér svo ekki heim um kvöldið og svarar ekki símanum kallar hann á lög-regluna og hefst síðan sjálfur handa við að rannsaka hvað um hana varð.

Þar sem enginn af félögum Margotar veit neitt um ferðir hennar ákveður Kim að brjótast inn í fartölvu hennar og skoða þau gögn sem þar eru, m.a. samskipti hennar á samfélagsmiðlum, í von um að grafa upp vísbendingar um hvað hún hafi verið að gera þegar hún hvarf. Með aðstoð lögreglukonunnar Rosemary Vick tekur hann smám saman að raða saman brotunum og kemst að því um leið að hann vissi í raun ekki neitt um dóttur sína, lífið sem hún lifði og gjörðir hennar ...

Punktur

★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★ - *Wrap* ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *T. Out* ★★★★★ - *R. Stone* ★★★★★ - *H. Reporter*

• *Searching* hefur fengið afar góða dóma margra gagnrýnenda, er með 7,1 í meðaleinkunn á Metacritic, 7,8 á IMDb og 7,3 á Rotten Tomatoes.

• Myndin hlaut áhorfendaverðlaunin á Sundance-kvikmyndahátíðinni síðastliðinn vetur og þau Aneesh Chaganty leikstjóri og Sev Ohanian handritshöfundur hlutu Alfred P. Sloan-verðlaunin á sömu hátíð.

• Við mælum heilshugar með þessari æsispennandi ráðgátu við alla sem kunna að meta myndir þar sem reynir á athyglisgáfu áhorfendans.



John Cho leikur föðurinn David sem leggur allt í sölnurnar við að hafa uppi á dóttur sinni.



Aðalhlutverk: John Cho, Debra Messing, Joseph Lee og Michelle La **Leikstjórn:** Aneesh Chaganty **Útgef.:** Sena

Spenna / Ráðgáta

13. desember

Lítill hetja – risastórt ævintýri

Nikki er strákur sem dreymir um að verða stór og sterkur og takast á við dreka eins og pabbi hans hafði gert einu sinni. Dag einn er hann fluttur fyrir töfra inn í hið ægifagra land drekanna og fær um leið tækifæri til að láta drauma sína rætast.


Álög drekans kemur út á DVD og á sjónvarpsleigunum 13. desember og er kjörin skemmtun fyrir yngstu aldurshópana sem láta dreka ekki hræða sig. Ferð Nikka inn í ævintýralandið á nefnilega eftir að reyna verulega á hugrekki hans því að það er eitt að láta sig dreyma um hetjudáðir og annað að mæta alvörudreka!



Punktur

• *Álög drekans* er að sjálfsögðu talsett á íslensku og á meðal þeirra sem ljá persónunum raddir sínar eru Hjálmar Hjálmarsson, Steinn Ármann Magnússon, Viktor Már Bjarnason, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Hálf dán Helgi Matthíasson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Íris Tanja Flygenring, Stefanía Svavarsdóttir og Magnús Ólafsson.

• Myndin, sem er frá Úkraínu, hlaut úkraínsku kvikmyndaverðlaunin í fyrra sem besta teiknimynd ársins.



Íslensk talsetning Leikstjórn: Sigurður Árni Ólason **Útgefandi:** Myndform

Teiknimynd

13. desember



Stærsta jólagjöfin

Þegar Charles, sem er kominn af konungsfjölskyldu Baltamíu og er samkvæmt hefðinni konungur ríkisins, ákveður að leita uppi gömlu skólaástinna sína bíður hans óvænt uppgötvun.

A Royal Christmas Ball er enn ein jólamyndin sem leikstjórinn David DeCoteau gerir fyrir Hallmark-sjónvarpsstöðina ásamt söguhöfundunum Jeffrey Schenck og Peter Sullivan.

Í þetta sinn kynnumst við piparsveininum Charles sem þarf að mæta á hið árlega konunglega jólaball Baltamíu en þótt Charles sé konungur þess lands hefur hann samt engin raunveruleg völd. Þar sem Charles er ókvæntur þarf hann að finna sér förunaut á ballið og dettur þá í hug að hafa uppi á skólaástinni sinni sem hann hefur ekki séð í fjölda ára. Hún heitir Allison og í ljós kemur að eftir að leiðir þeirra Charles skildu hafði hún aldrei gift sig en eignast dóttur sem hún hefur alið upp ein. Fljótlega fer Charles að gruna að hann sé í raun faðirinn og hver veit nema það reynist rétt ...



Tara Reid, Ingo Rademacher og Haley Pullos leika aðalhlutverkin í *A Royal Christmas Ball*.

VOD L 87 min

Jól / Rómantik

13. desember

Aðalhlutverk: Tara Reid, Ingo Rademacher, Haley Pullos, Mira Furlan og Mykel S. Jenkins Leikstjórn David DeCoteau Útgefandi: Sena



Trúir þú á jólasveininn?

Þegar lögreglumaðurinn Scott finnur meðvitundarlausan mann í jólasveinabúningi grunar hann ekki að þegar sá meðvitundarlausni rankar við sér muni hann halda því fram að hann sé í raun hinn eini sanni jólasveinn. Getur verið að það sé satt?

Defending Santa er létt og rómantísk jólamynd eftir leikstjóranum Brian Skiba og handritshöfundinn George Erschbamer þar sem hið gamalkunna þema um tilvist jólasveinsins er tekið fyrir. Að sjálfsögðu er um að ræða bandarísku útgáfuna, þ.e. söguna um Kris Kringle sem býr á Norðurlandinu og er rammgöldróttur þegar hann þarf á slíku að halda. Vandí sveinka er hins vegar sá að löggan telur það af og frá að hann geti verið Kris Kringle, sama hvað öllum töfrum líður, og því þarf hann að fá lögfræðiaðstoð til að losna úr haldi svo hann komist aftur heim ...



Það trúir þú því fáir að sá gamli sé jólasveinninn í raun, en kannski getur hann sannað það.

VOD L 85 min

Jól / Rómantik

13. desember

Aðalhlutverk: Dean Cain, Jud Tylor, Bill Lewis, Gary Hudson og John Savage Leikstjórn Brian Skiba Útgefandi: Sena



Freistingarnar eru til að falla fyrir þeim

Brooke Harris telur sig himin hafa höndum tekið þegar henni er boðin stöðuhækkun innan fyrirtækisins sem hún vinnur hjá og tvöföldun á launum. Vandamálið er að upphæfðinni fylgir óvenjulegt og bindandi skilyrði sem hún á erfitt með að uppfylla.

Skilyrðið sem forstjórinn setur er að Brooke giftist ókunnugum manni sem að öðrum kosti yrði vísað úr landi. Forstjórinn hefur hagsmuna að gæta í málinu og þótt Brooke lítist ekkert á þetta í byrjun skiptir hún um skoðun þegar hún hittir manninn, Roger, og kemst að því að hann er hinn vænasti náungi. Til að fléttan gangi upp þurfa þau líka að búa saman og svo fer að þau ganga í hjónaband. Um leið líður að jólum og eftir því sem þau Roger og Brooke eyða meiri tíma saman við undirbúninginn fer samband þeirra að þróast nákvæmlega í þá átt sem forstjórinn vildi!




Ricco Ross og Vivica Fox leika „hjónin“ Roger og Brooke í *A Husband for Christmas*.

VOD L 87 min

Jól / Rómantik

13. desember

Aðalhlutverk: Vivica A. Fox, Ricco Ross, Eric Roberts, Jackée Harry og Dominique Swain Leikstjórn David DeCoteau Útgefandi: Sena



Aðalhlutverk: Kayla Ewell, Ryan Merriman, Chris Ranney og Catherine Haun **Leikstj.:** Thadd Turner **Útg.:** Myndform

Rómantík

14. desember


Hvenær er rétti tíminn?

Samantha er félagsfræðingur sem heldur úti vinsælum útvarpsþætti þar sem hún m.a. gefur einstaklingum og þörum góð ráð varðandi ástamál og önnur persónuleg mál. Sjálf glímir Samantha hins vegar við að eignast barn hennar til tveggja ára, hinn atvinnulausi John, vill alls ekki eignast barn.

2 Years of Love er eftir leikstjórnann Thadd Turner og er gerð eftir sögu Lennys Mesi sem einnig skrifaði handritið. Þetta er létt, rómantísk gamanmynd með alvarlegum undirtóni enda riðar hjónaband þeirra Samönthu og Johns til falls þegar þau ná ekki saman um að eignast barn. Þegar John ákveður að gefa henni frekar hund fyllist mælirinn hjá Samönthu og hún hendir honum út og lætur skipta um lás að heimili þeirra. Vandamálið er að hún elskar John og getur ekki hugsað sér neinn annan ... en hvernig á hún að fá hann til að skipta um skoðun?



Kayla Ewell og Ryan Merriman leika Grey-hjónin Samönthu og John sem eftir tveggja ára hjónaband eru ekki sammála um hvort tími sé til kominn að eignast barn.



Teiknimyndir með íslensku tali um Móa og félagi **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

14. desember

Mói

Komdu með í ferðalög um heiminn

Þættirnir um Móa björn, sem elskar að ferðast um heiminn á hjólinu sínu ásamt besta vini sínum og heimsækja sögufræga staði, hafa verið sýndir á RÚV. Nú koma þeir einnig út á VOD-leigunum og hér eru þættir 39 til 45 í seríunni.

Teiknimyndirnar um Móa og ferðalög hans eru byggðar á bók franska barnabókahöfundarins Marcs Boutavant, *Umhverfis jörðina með Móa* sem kom út árið 2009 og hefur allar götur síðan notið vinsælda. Efnið er fyrir börn á leikskólaaldri sem fylgja forvitna birninum Móa á ferðalögum um heiminn og læra um sögufræga staði, lönd og borgir og alls konar hluti sem varða ekki hvað síst menningu og mismunandi siði landa og þjóða. Hver þáttur er 11 mínútur að lengd.





Baráttan er rétt að byrja

Sönn saga Bretans Billys Moore sem flutti til Tælands þar sem eiturlyfjafíkn hans og afbrotahneigð leiddi til þess að hann var handtekinn og dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar á stað sem lýst hefur verið sem helvíti á Jörðu.

Billy Moore var eiturlyfjafíkill og átti langan afbrotaferil að baki þegar hann flutti til Tælands árið 2005. Þar ætlaði hann að snúa við blaðinu og hóf að kenna ensku við tælenskan skóla. Allt gekk vel þar til hann kynntist mönnum úr undirheimum Tælands og leiddist á ný út í eiturlyf og afbrot. Hann var handtekinn árið 2007 með stolnar vörur og eiturlyf í fórum sínum og síðan vistaður í einu alræmdasta fangelsi Tælands þar sem menn þurfa að geta barist til að halda lífi. Og það var einmitt það sem Billy ákvað að gera ... að berjast fyrir frelsinu og gefa ekkert eftir.

Punktur

★★★★★ - Empire ★★★★★1/2 - Village Voice ★★★★★1/2 - L.A. Times
★★★★★1/2 - N.Y. Times ★★★★★ - Hollyw. Reporter ★★★★★ - Variety

• A Prayer Before Dawn hefur fengið mjög góða dóma, er með 7,6 í meðaleinkunn á Metacritic, 6,9 á IMDb og 7,4 á Rotten Tomatoes.

• Billy Moore kemur sjálfur fram í myndinni og leikur föður sinn sem lést af völdum krabbameins áður en myndin var frumsýnd.

• Joe Cole æfði líkamsrækt og hnefaleika stanslaust í marga mánuði fyrir gerð myndarinnar og naut tilsagnar hins raunverulega Billys Moore sem veitti honum einnig greinargóðar upplýsingar um lífið innan rímlanna.



Joe Cole þykir algjörlega frábær í myndinni sem bardagamaðurinn Billy Moore.



Aðalhl.: Joe Cole, Pornchanok Mabklang og Vithaya Pansringarm **Leikstj.:** Jean-Stéphane Sauvaire **Útg.:** Myndform

Sannsgulegt

14. desember



Aftur í baráttuna

Sérsvaitar- og bardagamaðurinn Jake Carter mætir hér í sjötta sinn til að fullnægja réttlætinu þegar mansalsklíka rænir ungri stúlku sem selja á í ánaud og í þetta sinn fær hann aðstoð frá tveimur félögum sínum sem láta sér fátt fyrir brjósti brenna.

Þeir sem fylgjast með bandarísku fjölbragðaglímumni (WWE) kannast áreiðanlega við glímukappann Michael Gregory Mizanin sem er ávallt kallaður „The Miz“ og hefur gert það gott í sportinu á undanförunum árum. Hér fær hann til liðs við sig tvo aðra úr WWE, þau Shawn Michaels og Rebecca Quin sem er betur þekkt undir sviðsnafni sínu, Becky Lynch. Saman ganga þau í það verkefni að frelsa unga stúlku úr haldi mannræningja og ganga um leið á milli bols og höfuðs á glæpasamtökum þeirra með öllum þeim mætti sem þau búa yfir í sameiningu.



Mike „The Miz“ Mizanin leikur hér sem fyrr sérsvaitarmanninn Jake Carter.



Hasar

20. desember

Aðalhlutverk: Mike „The Miz“ Mizanin, Shawn Michaels og Rebecca Quin (Becky Lynch) **Leikstjórn** James Nunn **Útgefandi:** Sena



Hættulegasta dýr jarðar

Vísindamönnum og áhöfn neðansjávarransóknarstöðvarinnar Mana One bregður í brún þegar forsögulegur risahákarl birtist skyndilega úr undirdjúpunum og laskar stöðina það mikið að þeim er bráður bani búinn komist þau ekki fljótlega upp á yfirborðið. En leiðin upp er líka leiðin beint í dauðann.

The Meg er byggð á samnefndri bókaseríu Steves Alten um kafarann og neðansjárliífrræðinginn Jonas Taylor og ævintýri hans, en fyrsta bókin í seríunni kom út árið 1997 og eru þær sex talsins.

Í myndinni er það Jason Statham sem leikur Jonas og það tekur hann ekki langan tíma að átta sig á að þessi risahákarl sem réðst á rannsóknarstöðina er í raun hin forsögulega risaskepna megalodon sem ríkti yfir höfunum á sama tíma og risaæðlurnar ríktu á landi. Jason veit sem er að hann á litla möguleika í þessa skepnu einn og sér en þar sem líf allra í rannsóknarstöðinni liggur við, svo og allra annarra sem svamla um í sjónum í næsta nágrenni, verður hann að láta til skarar skriða ...



The Meg

Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Jason Statham, Bingbing Li, Rainn Wilson, Ruby Rose, Jessica McNamee, Robert Taylor, Cliff Curtis, Shuya Sophia Cai og Ólafur Darri Ólafsson **Leikstjórn:** Jon Turteltaub **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

17. desember



Þótt Jonasi lítist ekkert á átök við risahákarlinn upp á eigin spýtur neyðist hann til að leggja til atögu þar sem líf margra liggur við.

Veistu svarið?

Jason Statham sem heldur upp á tuttugu ára leiklistarafmæli sitt um þessar mundir mun næst birtast okkur á ný í myndinni *Hobbs and Shaw* í hlutverki Deckards Shaw sem hann lék í *Fast and Furious*-myndunum. En hver leikur Luke Hobbs?



© 2017 Warner Bros. Entertainment Inc.



Jason Statham sem Jonas Taylor og það er kínverska leikkonan Bingbing Li sem leikur nánasta aðstoðarmann hans, Suyin.

Punktur

★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★1/2 - *Screen* ★★★★★1/2 - *Time* ★★★★★ - *Slant Mag.* ★★★★★ - *Observer* ★★★★★ - *Chicago Tribune* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *The Telegraph*

• Ólafur Darri Ólafsson er í aukahlutverki í *The Meg* og kallast persóna hans „The Wall“. Við látum þess ógetið hvernig fyrir henni fer.

• Leikstjóri myndarinnar, Jon Turteltaub, sendi síðast frá sér myndina *Last Vegas* og þar á undan *The Sorcerer's Apprentice*. Þess utan á hann m.a. að baki *National Treasure*-myndirnar og myndirnar *Instinct*, *Phenomenon*, *While You Were Sleeping* og *Cool Runnings*.



ROCKSTAR GAMES PRESENTS

RED DEAD REDEMPTION II

10/10
IGN.COM

97
Metacritic

GamesRadar

9.5
Destructoid



PS4
RED DEAD REDEMPTION 2
PS4RDR2

9.995



PS4
COD: BLACK OPS 4
PS4CODBO4

10.995



LENDIR
4.DES

PS4
JUST CAUSE 4
PS4JC4

9.995



PS4
SHADOW OF THE TOMB RAIDER
PS4SHADOWOTTR

8.995



PS4
SPIDER-MAN
PS4SPIDERMAN

9.995



PS4
BATTLEFIELD V
PS4BFV

10.995




PS4
SOUL CALIBUR VI
PS4SOULCALIBURVI

10.995

Hvað kom fyrir Emily?

Stephanie er vídeóbloggari í smábæ í Connecticut sem fjallar í bloggi sínu um ýmislegt sem viðkemur mömmum, uppeldi og heimilishaldi. Þegar einn af íbúum bæjarins, hin fagra en dularfulla Emily, sem Stephanie hafði kynnst nokkrum vikum fyrr, hverfur sporlaust, ákveður hún að rannsaka málið sjálf.

A Simple Favor er byggð á samnefndri bók eftir rithöfundinn Darcey Bell sem kom út í ársbyrjun 2017 og vakti strax það mikla athygli að kvikmyndarétturinn að henni seldist eins og skot. Ástæðan er fyrst og fremst sú að hér er um afar snjalla fléttu að ræða þar sem ekkert er eins og það sýnist í fyrstu og endar sagan á vægast sagt óvæntan hátt. Af þeim sökum er engum greiði gerður með því að fara nánar út í atburðarásina enda er langskemmtilegast að sjá svona fléttu-myndir án þess að vita of mikið og leyfa frekar framvindunni að koma sér algerlega á óvart. Það gerir þessi saga svo sannarlega ...



A Simple Favor

Sakamálamynd / Ráðgáta



Aðalhlutverk: Blake Lively, Anna Kendrick, Henry Golding, Rupert Friend, Ian Ho, Joshua Satine, Eric Johnson, Jean Smart og Linda Cardellini **Leikstjórn:** Paul Feig **Útgefandi:** Myndform

20. desember



Anna Kendrick leikur vídeóbloggarann Stephanie, en hún og nýjasta vinkona hennar, Emily, sem Blake Lively leikur, eru gerólikar, bæði að upplagi og í öllum háttum. Þegar Emily hverfur sporlaust eftir að hafa hringt og beðið Stephanie að gera sér greiða hefst alveg mögnuð flétta.

Punktar

★★★★1/2 - IGN ★★★★★1/2 - Chicago Sun-Times ★★★★★ - E.W. ★★★★★ - Observer ★★★★★ - Film Threat ★★★★★ - Total Film ★★★★★1/2 - Variety ★★★★★1/2 - R. Stone ★★★★★1/2 - R.Ebert.com

• Segja má að leikstjóri myndarinnar, Paul Feig, skipti hér um gir en hann er þekktastur fyrir gamanmyndir sínar á undanförunum árum, t.d. *Bridesmaids*, *The Heat*, *Spy* og *Ghostbusters: Answer the Call*.



Líf vídeóbloggarans Stephanie umturnast þegar Emily hverfur, enda ákveður hún að komast til botns í málinu upp á eigin spýtur.

Veistu svarið?

Blake Lively hefur sýnt að hún er ákaflega fjölhæf leikkona, en allar götur frá því að hún og Ryan Reynolds giftust hefur samt fjölskyldan og barna-uppeldið átt hug hennar nánast allan. En í hvaða þekktu sjónvarpsþáttum sló hún í gegn 2007?



Gossip Girl



Eiginmaður Emily, Sean, er leikinn af Henry Golding.



Þær eru orðnar nánast óteljandi myndirnar sem Luc Besson og fyrir-tæki hans hafa gert eða staðið að í gegnum árin því fyrir utan þær 16 bíómyndir sem hann hefur leikstýrt sjálfur hefur hann skrifað fjölmörg handrit fyrir aðra og framleitt enn fleiri myndir en hann hefur sjálfur komið beint að sem leikstjóri eða handritshöfundur. Þann **21. desember** verða endurútgefnar á VOD sjö af fyrstu átta myndum hans sem leikstjóra en Luc, sem fagnar sextugs-afmæli sínu í mars á næsta ári, sló strax í gegn með sinni fyrstu mynd árið 1983, þá aðeins 24 ára.

The Last Battle

Le dernier combat

The Last Battle var fyrsta mynd Lucs sem leikstjóra og þótti gefa vísbendingar um að hér væri á ferðinni leikstjóri sem taka ætti eftir. Myndin kostaði ekki mikla peninga en var, og er enn, því betri en hún gerist í fram-tíðinni eftir mikla katastrofu sem svipti m.a. þá sem eftir lifðu málinu. Þeir berjast nú sín á milli um takmörkuð lífsgæði og orkuna sem enn er í boði og hafa margir lýst mynd-inni sem frönsku útgáfunni af *Mad Max*.



1983 – 93 mínútur

Aðalhlutverk: Pierre Jolivet, Jean Bouise, Jean Reno, Fritz Wepper og Christiane Krüger **Leikstjórn:** Luc Besson **Útgef.:** Myndform



The Big Blue

Le grand bleu

The Big Blue þótti kvikmyndalegt stórvirki en tókur á henni fóru að miklu leyti fram neðansjávar enda fjallar hún um kafarana, æskufélagana og núna keppinautana Enzo og Jacques sem hafa um langa hríð skipst á um að setja met í köfun. Myndin hlaut fjölda verðlauna á sínum tíma, ekki síst fyrir magnaða tónlist Éric Serra, sem er snilldarverk út af fyrir sig, og kvikmyndatöku Carlos Varini sem á þessum tíma var sannkallað þrekvirki.



1988 – 168 mínútur

Aðalhlutverk: Jean-Marc Barr, Jean Reno, Rosanna Arquette og Paul Shenar **Leikstjórn:** Luc Besson **Útgefandi:** Myndform



Nikita

La femme Nikita

Þeir eru margir sem segja að *Nikita* sé besta mynd Lucs Besson sem leikstjóra en myndin naut mikilla vinsælda og gerði stjörnu úr Anne Parillaud sem fór með titilhlutverkið. *Nikita* er ung kona með afbrotaferil að baki sem í staðinn fyrir að vera send í fangelsi var gefinn kostur á að vinna fyrir leyniþjónustuna sem njósnari og morðingi þegar svo ber undir og á þarf að halda. Og í þessu starfi hefur hún sannarlega það sem til þarf.



1990 – 117 mínútur


Aðalhlutverk: Anne Parillaud, Marc Duret, Patrick Fontana og Alain Lathière **Leikstjórn:** Luc Besson **Útgef.:** Myndform



Atlantis

Atlantis

Luc Besson hafði mikinn áhuga á hafinu og leyndardómum þess og íbúum og eftir að hafa gert *The Big Blue* lagði hann í að gera heimildarmyndina *Atlantis* sem segja má að sé nokkurs konar sjávarsymfónía við hina mögnuðu tónlist Érics Serra. Hér kynnumst við í nærmynd nokkrum af furðuskepnum sjávarins sem eru uppteknar af því einu að lifa og fjölga sér en virðast dansa við tónlistina sem Éric samdi þeim til heiðurs.



1991 – 68 mínútur

Heimildarmynd Höfundur: Luc Besson **Útgef.:** Myndform



Leon

Léon

Eins og sagði hér fyrir ofan þá eru þeir margir sem telja myndina *Nikita* vera bestu mynd Lucs Besson sem leikstjóra en þeir eru enn fleiri sem telja *Leon* skipa það heiðursæti enda er hún í 29. sæti á lista IMDB yfir bestu myndir allra tíma. Hér reis stjarna leikarans Jean Reno upp í hæstu hæðir og er myndin jafnframt fyrsta myndin sem Natalie Portman lék í en hún var þá aðeins 12 ára og stóð sig með afbrigðum vel í hlutverki sínu.



1994 – 110 mínútur

Aðalhlutverk: Jean Reno, Gary Oldman, Natalie Portman og Danny Aiello **Leikstjórn:** Luc Besson **Útgef.:** Myndform



The Fifth Element

Le cinquième élément

Eftir að *Leon* sló svo hressilega í gegn sem raun bar vitni biðu margir spenntir eftir næstu mynd Lucs sem hermt var að væri vísindaskáldsaga þar sem sjálfur Bruce Willis, ein aðalstjarna kvikmyndanna á þeim tíma, léki aðalhlutverkið ásamt Gary Oldman. Myndin skartaði einnig leikkonunni Millu Jovovich í burðarhlutverki, en hún giftist svo Luc Besson skömmu eftir að myndin var frumsýnd og sló í gegn um allan heim.



1997 – 126 mínútur

Aðalhlutverk: Bruce Willis, Milla Jovovich, Gary Oldman og Chris Tucker **Leikstjórn:** Luc Besson **Útgef.:** Myndform



The Messenger

Jeanne d'Arc

The Messenger er saga Jóhönnu af Örku og var ætlað að fylgja eftir vinsældum stjörnu-statusu Millu Jovovich sem nú var eigin kona Lucs. Í önnur stór hlutverk voru m.a. ráðnir þekktir bandarískir leikarar og í engu var sparað til að gera myndina sem tilkomumesta, ekki síst bardagaatriðin þar sem Milla sýndi og sannaði að hún var efni í hasarstjörnu. Það átti hún síðar eftir að nýta sér.



1983 – 148 mínútur

Aðalhlutverk: Milla Jovovich, John Malkovich, Faye Dunaway og Dustin Hoffman **Leikstjórn:** Luc Besson **Útgef.:** Myndform



Sumar minningar lifa að eilífu

The Heyday of the Insensitive Bastards er gerð eftir samnefndri bók Roberts Boswell og inniheldur sjö smásögur (eða vignettur eins og höfundurinn kys að kalla sögurnar) sem tengjast ekki innbyrðis en eiga það sameiginlegt að vera raunsannar frásagnir af venjulegu fólki í erfðum/skrítnum aðstæðum.

Fjöldi þekktra leikara fer með aðalhlutverkin í þessum sjö stuttmyndum og eru þar á meðal þau James Franco, Abigail Spencer, Matthew Modine, Rico Rodriguez, Kate Mara, Amber Tamblyn, Kristen Wiig, Tony Cox, Jimmy Kimmel, Natalie Portman, Thomas Mann og Jacob Loeb, en leikstjórnir sjö eru þau Jeremy David White, Simon Savelyev, Vanita Shastry, Shadae Lamar Smith, Sarah Kruchowski, Mark Columbus og Ryan Moody.

Of langt mál yrði að fara hér í gegnum efni allra sjö sagnanna sem heita *A Walk In Winter*, *Guests*, *Almost Not Beautiful*, *Miss Famous*, *Lacunae*, *Smoke* og *The Heyday of the Insensitive Bastards* en sem dæmi má nefna að fyrsta sagan segir frá manni sem snýr aftur á heimaslóðirnar þegar lögreglan tilkynnir honum að jarðneskar leifar horfningar móður hans hafi loksins fundist. Þegar maðurinn uppgötvar að leifarnar eru alls ekki af móður hans heldur föður hans vandast málin verulega. Önnur sagan, *Guests*, segir frá ungum dreng sem hefur þurft að sæta ofsóknum skólabullunnar en hefur ekki sagt frá því vegna þess að faðir hans liggur fyrir dauðanum af völdum krabbameins. Þegar faðirinn deyr ákveður drengurinn hins vegar að vaða í bulluna og kenna honum lexíu sem hann gleymir seint.



Aðalhlutverk og leikstjórn: Ýmsir, sjá í kynningartexta
Útgefandi: Myndform

Smásögur

21. desember

Tvær flugur í einu höggi

Chloe er ung kona sem ákveður að segja kærasta sínum Eric upp, a.m.k. tímabundið á meðan hann tekur sig á. Eric gerir það en finnur sér um leið nýja kærustu, Chloe til sárrar mæðu. En leiðir þeirra Eric's eiga eftir að liggja aftur saman þegar hún verður óvart þátttakandi í brúðkaupi hans.

Hér er á ferðinni rómantísk gamanmynd sem nálgast það að vera farsí endalendur aðalpersónan Chloe í miklum vandræðum við að útskýra fyrir Eric fyrrverandi unnusta sínum af hverju hún er nokkrum mánuðum síðar gestur á hótelinu þar sem hann ætlar að giftast nýju unnustunni. Hann heldur nefnilega í fyrstu að hún sé mætt til að eyðileggja brúðkaupið, sem er misskilningur, en til að þurfa ekki að segja sannleikann fær hún einn af hótलगestunum til að þykjast vera kærasti sinn. Þessi hvíta lygi á svo auðvitað eftir að hafa óvæntar afleiðingar ...



Alix Angelis og Thomas Beaudoin leika þau Chloe og Hunter í *Love's Last Resort*.



Aðalhlutverk: Alix Angelis, Jesse Hutch, Thomas Beaudoin og April Bowlby **Leikstj.**: Brian Herzlinger **Útg.**: Myndform

Rómantík

21. desember

Óvinurinn er í andrúmsloftinu

It Comes at Night gerist í ónefndri framtíð þegar dularfull veiki hefur lagt þorra fólks af velli og enginn er eftir sem getur fundið lækningu við henni.

Djúpt inni í skógi nokkrum hafa hjónin Paul og Sarah komið sér fyrir ásamt syni sínum Travis til að forðast veikina sem eirir engum sem hefur á annað borð sýkst af henni. Þar sem engin lækning er til og verður ekki fundin úr þessu er eina leiðin til að forðast dauðann að veikjast ekki. Kvöld eitt brýst maður einn, Will, inn í hús þeirra í leit að vistum fyrir sig og sína fjölskyldu enda heldur hann að það sé mannlaust. Um leið setur hann af stað alveg skelfilega atburðarás ...

Punktur


- ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *H. Reporter*
- ★★★★1/2 - *Indiewire* ★★★★★1/2 - *Slate* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com*
- ★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *Total Film*
- ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Screen International*

• Myndin hefur eins og sést hlotið frá-bæra dóma gagnrýnenda og er með 7,8 í meðaleinkunn á Metacritic, en eins og gefur að skilja er hún alls ekki fyrir hjartveika eða þá sem eiga erfitt með að þola mikla og stanslausu spennu. Hafandi sagt það ber að benda á að hér er hvorki um að ræða uppvakningamynd né „slasher“ heldur kemur spennan annars staðar frá.

• *It Comes at Night* er önnur mynd leikstjórans Treys Edwards Shults, en sú fyrri, *Krishna*, var af mörgum talin ein besta mynd ársins 2015.



Joel Edgerton og Kelvin Harrison Jr. í einu af mörgum spennuatriðum myndarinnar.



A Nerve-Shredding Thriller
- Time Out



Aðalhl.: Joel Edgerton, Christopher Abbott, Carmen Ejogo og Kelvin Harrison Jr. **Leikstj.:** Trey Edward Shults **Útg.:** Myndform

Tryllir

21. desember

Ævintýrið um Ronju í nýjum búningi

Þessi 26 þátta teiknimyndasería, sem byggð er á hinni víðfrægu og ástsælu bók Astridar Lindgren, hefur verið sýnd á RÚV og er eftir japanska listamanninn Gorō Miyazaki, son Hayaos Miyazaki sem gerði m.a. *Spirited Away* og *Princess Mononoke*.

Ævintýrið um Ronju ræningjadóttur kom út árið 1981 og skipaði sér þegar í flokk með bestu bókum Astridar Lindgren, þ. á m. bókunum um Línu langsockk og Emil í Kattholti. Sagan er um hana Ronju sem elst upp í ræningjakastala á miðöldum í Svíþjóð. Hún verður fljótlega mjög forvitin um umhverfi sitt og lendir í ýmsum ævintýrum í skóglendinu umhverfis kastalann þar sem alls kyns kynjaverur hafast við. Þegar hún síðan kynnist jafnaldra sínum, strák sem reynist sonur svarinna andstæðinga foreldra hennar, breytist allt ...

Þessi útgáfa inniheldur þætti 17 til 20 sem hver fyrir sig er 25 mínútur að lengd. Þess má geta að þættirnir hlutu alþjóðlegu Emmy-verðlaunin 2016 í flokki teiknaðs barnaefnis.



Númer 5 Þættir 17–20



Teiknimyndir með íslensku tali um ævintýri Ronju ræningjadóttur **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

21. desember



Borðað, gíst og ferðast um Spán

Vinirnir Rob og Steve þurfa ekki að hugsa sig um þegar The Observer býður þeim að fara til Spánar og skrifa þar um mat og annað sem fyrir augu ber.

The Trip to Spain er eftir hinn margverðlaunaða breska kvikmyndagerðarmann Michael Winterbottom. Myndin, sem segja má að sé að hálfu leyti skálduð og að hálfu leyti sönn saga, segir frá ferðalagi félaganna Robs og Steves til Spánar þar sem þeir borða góðan mat, gista á góðum hótélum og koma við á stöðum sem tengjast menningu og listum Spánar í gegnum aldirnar. Og þér er boðið með!

Þetta er þriðja myndin sem gerð er um ferðalög þeirra Steves og Robs en þær fyrri voru *The Trip* sem var gerð samhliða vinsælum sjónvarpsþáttum með sama heiti sem sýndir voru á BBC-sjónvarpsstöðinni árið 2010 og *The Trip to Italy* sem kom út fyrir þremur árum og margir muna eflaust eftir, en allar þessar þrjár myndir hafa hlotið frábæra dóma enda einstaklega skemmtilegar í alla staði.




Aðalhl.: Steve Coogan, Rob Brydon, Marta Barrio og Claire Keelan **Leikstj.:** Michael Winterbottom **Útg.:** Myndform

Gamanmynd

28. desember



Pótt megintilgangur ferðarinnar sé að skrifa um mat og matarmenningu Spánverja taka þeir Steve og Rob upp á mörgu öðru í þessari skemmtilegu ferð.



Svik á svik ofan

Þegar bandaríski eiturlyfjaframleiðandinn Adam LeBlanc ákveður að binda enda á viðskipti sín við mann að nafni Kaishen endar það uppgjör í blóðbaði þar sem Kaishen lætur lífið. Þar með hefur Adam kallað yfir sig hefnd bróður Kaishens sem er einn af valdamestu mönnum Hong Kong-mafiunnar.


Natural Vice er spennu- og hasarmynd eftir Izzy Traub og um leið fyrsta mynd hans sem leikstjóra, en hann á feril að baki sem tækniþellumeistari. Sagan, sem er einnig eftir hann, svo og handritið, er fyrst og fremst hugsuð sem poppkornsskemmtun fyrir þá sem gaman hafa af byssu- og bardagaatriðum en barátta Adams við Hong Kong-mafiuna á eins og búast mátti við eftir að verða mörgum að fjörtjóni áður en yfir lýkur. Báðir aðilar hafa aðgang að vopnum af bestu gerð og mannskap sem er tilbúinn til að fórna sér fyrir foringja sína án nokkurs hiks ...



Aðalhlutverk: Brent Harvey, Jovanna Nicole og Allen Theosky Rowley **Leikstjórn:** Izzy Traub **Útg.:** Myndform

Hasarmynd

28. desember



Adam er leikinn af bandaríska leikaranum Brent Harvey.

Bragðið af valdinu

Þeir Alistair og Miles eru nýliðar í Oxford-háskóla sem er boðið að taka sæti í tíu manna skólaklúbbi sem kallast The Riot Club, en í hann geta eingöngu forríkir nemendur gengið. Á einu örlagaríku drykkjukkuvöldi munu meðlimir þessa klúbbs síðan sýna fram á úr hverju þeir eru raunverulega gerðir.

The Riot Club er hörkumynd þar sem nokkrir af bestu bresku leikurum ungu kynslóðarinnar fara á kostum í krefjandi hlutverkum undir styrkri leikstjórn danska leikstjórans Lone Scherfig sem gert hefur margar góðar myndir í gegnum árin. Segja má að hér sé skyggnst á bak við tjöldin í veröld einstaklinga sem eru fæddir til forréttinga í krafti auðs og valda foreldra sinna og telja sig geta komist upp með hvað sem er. En hvað gerist þegar þeir ganga nokkrum skrefum of langt?

Punktur

★★★★ - *New York Times* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *The Guardian*
 ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *CineVue*

• Myndin er byggð á leikverkinu *Posh* sem var frumsýnt árið 2010 og hefur notið mikilla vinsælda á Englandi og víðar. Það er eftir Lauru Wade sem einnig skrifar handrit myndarinnar en það var tilnefnt sem besta handrit ársins af samtökum breskra handritsgerðarmanna.

• Þegar *Posh* var frumsýnt töldu margir sig sjá líkindi með strákaklúbbum sem það fjallar um og hinum raunverulega Bullingdonklúbbi í Oxfordskóla sem eingöngu karlmenn fá inngöngu í.



Í hinn tíu manna klúbb The Riot Club komast eingöngu forríkir nemendur.





Aðalhlutv.: Sam Claflin, Max Irons, Douglas Booth og Holliday Grainger **Leikstjórn:** Lone Scherfig **Útgefandi:** Myndform

Spennudrama **28. desember**

Molang og Piu Piu lenda í ævintýrum


Molang er lítill kanínustelpa sem lendir ásamt besta vini sínum í mörgum litríkum og skemmtilegum ævintýrum í þessum þriggja og hálfra mínútna þáttum sem eru fyrst og fremst ætlaðir allra yngsta aldurshóp áhorfenda.

Molang eru kóreskir teiknimyndapættir sem hafa um nokkurra ára skeið notið mikilla vinsælda á sjónvarpsstöðvum víða um heim, þar á meðal hér á landi á RÚV. Segja má að þættirnir einkennist af gleði, hamingju og innilega skemmtilegum húmor sem nær til yngsta aldurshópsins auk þess sem vináttu aðalpersónanna, Molang og hænuungans Piu Piu, er bæði sönn og tær.



Teiknimyndir með íslensku tali um ævintýri Molang og Piu Piu **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni **28. desember**



Komnar út og fáanlegar á sjónvarpsleigunum



Hótel Transylvanía 3: Sumarfrið

Drakúla greifi er mættur aftur ásamt dóttur sinni, eiginmanni hennar og bestu vinum þeirra og halda þau nú suður á bögnin þar sem fjörug skemmtisigling biður þeirra. Hugmyndin er að slaka nú almennilega á í tunglskinsbláunni og til að byrja með virðist það ætla að takast. En svo kemur babb í bátinn.

Teiknimynd **L**



The Spy Who Dumped Me

Ahorfendur sem vilja sjá fjörugan grínhasar ættu ekki að láta *The Spy Who Dumped Me* fram hjá sér fara þar sem tvær af vinsælustu leikkonum Bandaríkjanna, Mila Kunis og Kate McKinnon, þurfa að snúa bókum saman í baráttu við óþjálfað eins og leigumörðingja og annað hyski sem vill þær feigar.

Gamanmynd **16**



Ant-Man and the Wasp

Ant-Man and the Wasp gerist um tveimur árum eftir atburðina í *Captain America: Civil War* og Scott Lang, sem við þekkjum betur sem Ant-Man, er enn í því stofufangelsi sem hann var dæmdur í vegna afskipta sinna af þeim átökum. En þegar Hank Pym þarf á ný á hjálp hans að halda kemur ekkert annað til greina en að brjóta skilorðið.

Ævintýri/ofurhetjur **12**



A Bad Moms Christmas

Eftir litlu einkauppreisnina sem vinkonurnar þrjár stóðu fyrir í síðustu mynd gegn kröfunum sem samfélagið gerir til mæðra eru að koma jóla. Álagið eykst smám saman með tilheyrandi stressi sem batnar ekki þegar mæður þeirra koma í heimsókn og vilja að sjálfsgöðu hafa allt jólahaldið í röð og reglu!

Gamanmynd **12**



Skyscraper

Þegar árás er gerð á hæstu byggingu heims í Hong Kong og skjæður eldur brýst út ofarlega í henni lendir öryggisvörðurinn Will Sawyer í kapphlaupi við að hreinsa nafn sitt af árásinni um leið og hann þarf að bjarga eigin konu sinni og tveimur börnum sem eru afkröud í turninum – fyrir elfdhað.

Spenna/hasar **12**



The Equalizer 2

Robert McCall heldur áfram að útteila sínu eigin réttlæti til þeirra sem gerast sekrir um glæpi gegn samborgurum hans og hikar ekki við að senda þá yfir móðuna miklu ef þeir sýna mótþróa. Þegar góð vinkona hans er myrt kemur því ekkert annað til greina en að finna þá seku og láta þá gjalda fyrir þá gjörð.

Spennmynd **16**



Tag

Tag er af mörgum talin ein besta og fyndnasta gamanmynd ársins 2018 en hér er saman kominn stór hópur af frægum leikurum sem eru ekki hvað síst þekktir fyrir góðan húmor. Sagan er stórskemmtileg og byggir á sannri sögu nokkurra félaga sem gátu ekki hætt að leika sér í eltingarleik!

Gamanmynd **12**



Leave No Trace

Leave No Trace er ein af perlum ársins en hún þykir einstaklega vel gerð, mjög áhrifarik og frábæra leikin, ekki síst af aðalleikurum Ben Foster og hinni ungu Thomasin McKenzie sem þykir minna mjög á Jennifer Lawrence þegar hún var að stiga sín fyrstu skref í leiklist. Þetta er mynd sem allir ættu að sjá.

Drama **9**



Björgum Sveinika

Bernharð er einn af aðstoðarlífum jólasveinsins og reynir hvað hann getur að koma að gagni með uppfinningum sínum þótt það gangi stundum brósuglega. En þegar hinn gráðugi Neville og móðir hans Vera ræna jólasveininum fær Bernharð kærkomið tækifæri til að sýna hvað í sér býr.

Teiknimynd **L**



Draumur

Þessi stórskemmtilega, tölvuteiknaða mynd sækir efnið í ævintýri sem allir þekkjá og er framleidd af sömu aðilum og gerðu *Shrek*-myndirnar. Þetta er mjög fyndið og hæfilega spennandi ævintýri fyrir yngri kynslóðirnar og inniheldur myndin einnig mjög skemmtilega og fjöruga tónlist sem allir kunna að meta.

Teiknimynd **L**



Össi

Össi er litill hundur sem hefur alist upp í góðu yfirleiti hjá fjölskyldu sem litur á hann sem einn af henni. Það gera hins vegar ekki allir og þegar fjölskyldan ákveður að fara í frí til Japans má Össi ekki koma með. Ákveðið er að senda Össa á hundahótel sem lofar góðu en stendur svo ekki undir nafni!

Teiknimynd **L**



Mile 22

Þeir sem kunna að meta harðkjarna bardaga- og hasarmyndir ættu að kunna að meta *Mile 22* eftir Peter Berg (*Patriots Day*, *Deepwater Horizon*, *Lone Survivor*, *Battleship*, *Hancock*) með Mark Wahlberg í aðalhlutverki en hér er um að ræða eina hröðustu mynd ársins, þar sem hvergi er slakad á frá byrjun til enda.

Hasar **16**



Pétur Kanína

Biómyndin *Pétur kanína*, sem er bæði leikin og tölvuteiknuð, er byggð á sögum enska barnabókariðfundarins Beatrix Potter um hann og fjölskyldu hans sem á í stöðugum útistöðum við landeigandann herra McGregor, en honum er alveg meinnilla við ill dýr, ekki síst kaninur sem vilja háma í sig uppskeruna hans.

Fjölskyldumynd **L**



Book Club

Æskuvinkonurnar Diane, Sharon, Vivian og Carol hafa allar upplifað með árunum að blossinn í sambandi þeirra við karlmann hefur dofnað. Hlutirnir breytast hins vegar snarlega þegar þær lesa hina erótisku bók *Fifty Shades of Grey* enda fyllir sagan þær allar löngun til að endurnýja kynni sín af ástinni!

Gamanmynd **L**



Ocean's 8

Eftir að Debbie Ocean losnar úr fangelsi á reynslulausum vegna góðrar hegðunar og loforðs um að skokka mjóa veginn hér eftir byrjar hún strax að skipuleggja næsta rán og húa í samverkakonu sínar sjö sem óhætt er að segja að séu hver annarri hæfileikaríkar á hinum ýmsu og fjölbreyttustu sviðum.

Gamanmynd **6**



Steinaldarmaðurinn

Steinaldarmaðurinn er mjög fyndin leirbrúðmynd eftir Nick Park, aðalhöfund myndanna um hrúttinn Hrein og vini hans. Hér segir frá steinaldarunglingnum Dug sem lendir í kröppum dansi þegar hann þarf ásamt sínu fólki að sigra bronsaldarkónginn Nooth í knattspyrnu-leik. Takist það ekki er vottinn vísi!

Fjölskyldumynd **L**



Chick Lit

Skemmtileg bresk gamanmynd um fjóra kunningsja sem ákveða að bjarga kránni sinni frá gjaldþroti með því að skrifa bók í anda *Fimmtú grára skugga*-bókanna. Bókin slær í gegn en um leið verður til nýtt vandamáll hjá okkar mönnum því enginn þeirra vill leggja nafn sitt við söguna. Og þá verða góð ráð dýr.

Gamanmynd **12**



What They Had

What They Had er gæðamynd eftir Elizabeth Chomko, en hún er að hluta til byggð á hennar eigin reynslu. Með aðalhlutverkin fer úrvalshópur leikara, þau Hilary Swank, Michael Shannon, Robert Forster, Blythe Danner, Taissa Farmiga og Josh Lucas, en segja má að myndin fjalli um fjölskyldu á krossgötum.

Drama **12**



Jurassic World: Fallen Kingdom

Nýjasta *Jurassic World*-myndin, *Fallen Kingdom*, gerist um fjórum árum eftir atburðina í síðustu mynd en síðan þá hafa risaöldurnar gengið frjálssar á eyjunni Nublar. Því frelsi er ógnad verulega þegar eldgos hefst skyndilega á eyinni og ákveðið er að flytja sem mest af risaöldunum upp á fastalandið. Gengur það?

Ævintýri **12**



Breaking In

Shaun Russell er móðir tveggja barna sem lendir í æsilegu kapphlaupi við timann þegar þrjú innbrotsþjófar brjótast inn í rammgert hús leður hennar og taka börnin hennar tvö í gíslingu. Til að bjarga þeim þarf Shaun að taka á öllu sem hún hefur – og það er mun meira en innbrotsþjófarnir átta von á.

Spenna/hasar **16**



55 Steps

Sannsöguleg mynd um Eleanor Riese (Helena Bonham Carter) sem var greind með geðklofa og aðrar geðraskanir en sætti sig ekki við að vera gefin lyf gegn vilja sínum og fekk til líds við sig lögfraeðinginn Colette Hughes (Hilary Swank) til að öðlast sjálfskávörðunarrétt í þeim málum.

Sannsögulegt **12**

OLZA
PRINCE POLO
od 1955 roku



Coke & Prince
Þjóðarréttur Íslendinga í meira en 60 ár



PlayStation Classic

Þetta byrjaði allt í Japan árið 1994 þegar fyrsta PlayStation-tölvun kom út, en hún átti eftir að breyta öllu.

Nú getur þú endurupplifað þetta tímabil í leikjasögunni með hinni nýju PlayStation Classic-leikjatölvu. Með pakkanum fylgja 20 af bestu PlayStation 1-leikjunum og eru þar á meðal leikirnir *Final Fantasy VII*, *Ridge Racer Type 4*, *Tekken 3*, *Grand Theft Auto 1*, *Jumping Flash!*, *Destruction Derby* og fleiri. PlayStation Classic er minnkuð útgáfa af upphaflegu tölvunni og fylgja enn fremur með tveir stýripinnar sem eru eins og þeir upprunalegu. Með tölvunni fylgir einnig HDMI-tengi og er hún tengd beint í sjónvarpið eða tölvuskjáinn.



Tegund: Leikjatölva

Kemur út á: PS

PEGI aldurstakmark: Leyfð öllum

Útgáfudagur: 3. desember

Framleiðandi: Sony

Útgefandi: Sena

Leikirnir með vélinni eru:

- Battle Arena Toshinden, Cool Boarders 2, Destruction Derby, Final Fantasy VII, Grand Theft Auto, Intelligent Qube, Jumping Flash!, Metal Gear Solid, Mr. Driller, Oddworld: Abe's Oddysee, Rayman, Resident Evil Director's Cut, Revelations: Persona, Ridge Racer Type 4, Super Puzzle Fighter II Turbo, Syphon Filter, Tekken 3, Tom Clancy's Rainbow Six, Twisted Metal og Wild Arms.





Just Cause 4

Í *Just Cause 4* er tekið næsta skref í gerð leikja með opinni veröld. Það er nánast hægt að rústa öllu í þessum risastóra heimi og ögra þyngdaraflinu á fjölmarga vegu, auk þess sem núna eru kynntir til sögunnar fellibyljir og önnur náttúruöfl.

Leikurinn gerist í landi í Suður-Ameríku sem heitir Solis og er því skipt niður í fjögur svæði sem samanstanda af regnskógum, graslendi, fjallendi og eyðimörk. Hvert svæði hefur sitt eigið veðurkerfi og því er mikill munur á milli svæða. Leikurinn keyrir á glænýrri grafíkvel sem óhætt er að segja að taki allt skrefinu lengra en við eigum að venjast úr fyrri leikjum seríunnar.



Tegund: Hasarleikur

Kemur út á: PC, PS4 og Xbox One

PEGI aldurstakmark: 18+

Útgáfudagur: 4. desember

Framleiðandi: Square-Enix

Útgefandi: Sena

Leikurinn inniheldur m.a.:

- **Breytilegt veðurfar:** Veðrið spilar stórt hlutverk í *Just Cause 4* og geta leikmenn nýtt það sér í vil í bardögum við óvini leiksins eða til að leysa önnur verkefni.

- **Risastóra veröld:** Landsvæði leiksins spannar meira en 100 ferkílómetra og er hann því einn stærsti leikvöllur sem boðið hefur verið upp á.

- **Spilaðu eins og þú vilt:** Leikurinn er algerlega opinn og það er 100% í höndum hvers og eins að finna út úr verkefnum hans.

- **Farartæki og vopn:** Leikurinn inniheldur fjölmörg farartæki og fjölbreytt vopnabúr.

